

## 150. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

15. 5. 2024 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Steinunn Hödd Harðardóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

**Mætt:** Ingunn Jónsdóttir, Lilja Jóhannesdóttir, Lind Völundardóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Þórgunnur Torfadóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Gunnar Pór Jóhannesson, Sindri Örn Elvarsson og Hugrún Harpa Reynisdóttir

**Fjarverandi:** Kristján Sigurður Guðnason

**Gestur:** Sigurjón Andrésson

### **Sveitarfélagið og Nýheimar þekkingaseturs – hugmyndir til lengri tíma litið**

#### **Erindi frá Sigurjóni Andréssyni bæjarstjóra**

Sigurjón sagði í erindi sínu frá þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á neðri hæð ráðhússins þar sem ráðgert er að starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs verði með skrifstofuaðstöðu. Þegar að því kemur mun losna skrifstofurými í Nýheimum og ræddi Sigurjón ýmsar hugmyndir sem hafa komið fram um breytingar eða uppfærslu á húsnæði Nýheima. Óskaði hann eftir því að eiga samtal við stofnanir hússins um málefni þess, þarfir stofnana og framtíðarsýn fyrir húsið.

Þá fjallaði hann um hlutverk Nýheima þekkingarseturs í nærsamfélagini og mikilvægi þess að efla setrið enn frekar. Fjallaði hann um ýmis málefni er tengast þróun byggðar og samfélags og lýsti yfir áhuga sveitarfélagsins til samtals um framtíðarsýn Nýheima þekkingarseturs.

Umræður sköpuðust um hugmyndafræði, áherslur og stoðir setursins. Ávallt hefur verið rík áhersla á að setrið hafi þarfir samfélagsins að leiðarlíði og fagnar stjórn því að Sveitarfélagið hafi áhuga á að styðja enn frekar við starfsemi setursins. Á haustmánuðum verður unnið að endurnýjun stefnumörkunar setursins og mun stjórn boða fulltrúa sveitarfélagsins til áframhaldandi samtals þegar sú vinna hefst.

#### **Endurnýjun stefnumörkunar Nþ**

Hugrún Harpa greindi frá fundi fulltrúar stjórnar sem skipa embætti hennar (aðalstjórn) um skipulag vinnu við endurnýjun stefnumörkunar. Kynning bæjarstjóra á hugmyndum um eflingu setursins var fyrsta skrefið í þeirri vinnu en líklegast mun vinnan ekki geta hafist af fullum krafti fyrr en á haustmánuðum. Mikilvægt er að samningur setursins við ráðuneyti, eða að minnsta kosti drög að honum, liggi fyrir áður en farið verður af fullum krafti í vinnu að stefnumörkun fyrir setrið. Þykir ljóst að þau drög verði ekki komin fyrir sumarfrí eins og vonir stóðu til. Forstöðumanni er falið að grennslast fyrir um gang mála við samningagerð og boða aðalstjórn að nýju til fundar þegar samningsdrög hafa borist.

#### **Fundaskipulag stjórnar**

Hugrún Harpa greindi frá umræðu aðalstjórnar um breytingar á fundaskipulagi stjórnar. Hugmyndin felur í sér að stjórnarfundum verði fækkað og í staðinn meiri áhersla lögð á mánaðarlega fundi í samstarfshópum um stoðir setursins. Stefnt er að því að prófa nýtt fyrirkomulag á komandi vetri og verða þá haldnir fjórir fundir auk ársfundar. Stefnt er að því að halda fundi í september, desember og janúar auk undirbúningsfundar fyrir ársfund á vormánuðum, nánari tímasetning þess fundar mun fara eftir tímasetningu ársfundarins hverju sinni. Í tengslum við vinnu að stefnumörkun setursins er svo gert ráð fyrir að eitthvað verði um vinnufundi á haustmánuðum.

### Samningur við HVIN

Hugrún Harpa greindi frá því að engar nýjar fréttir eru af samningamálum aðrar en þær að fulltrúar Samtaka þekkingarsetra hyggjast óska eftir fundi með fulltrúum ráðuneytis til þess að ræða stöðu samningagerðar. Forstöðumanni er falið að fylgja málinu eftir fyrir hönd Nýheima þekkingarseturs og leita svara hjá tengilið setursins í ráðuneytinu.

### Önnur mál

Hugrún Harpa greindi frá því að Nejra Mesetovic hefur hafið störf hjá setrinu og deilir hún skrifstofu með forstöðumanni þar til skrifstofa losnar í húsinu.

Hugrún greindi frá því að hún fer nú í tveggja vikna frí og kemur aftur til vinnu í byrjun júní.

Fundi slitið klukkan 10:00

Steinunn Hadd Harðardóttir  
Hugrún Harpa Reynis